

2. gr.

Reglugerð þessi tekur ekki til Háskóla Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi, og falla samtímis úr gildi ákvæði, er kunna að brjóta í bága við hana.

Í menntamálaráðuneytinu, 31. október 1972.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 295.

10. nóvember 1972.

S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Vatnsfjarðardals.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Vatnsfjarðardals, Norður-Ísafjarðarsýslu. Heimili þess og varnarþing er Vatnsfjörður, Norður-Ísafjarðarsýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Neðra-Selvatni, Þúfnaá, Sveinhúsavatni og Vatnsfjarðarós, en þær eru Sveinhús, Þúfur, Vatnsfjarðarsel, Miðhús og Vatnsfjörður.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, en um hagnýtingu veiði fer sem hér segir: Ráðstöfunarrétt veiði og fiskrækt, sérstaklega í Neðra-Selvatni, hafa aðeins aðilar við vatnið. Hið sama gildir um Þúfnaá, Sveinhúsavatn og Vatnsfjarðarós.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinn hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda ekki síðar en í júnímánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Fer um arðskrá eftir deildarskiptingunni, þ. e. a) Vatnsfjarðarós og Sveinhúsa- vatn, b) Þúfnaá, c) Neðra-Selvatn.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. nóvember 1972.

Halldór E. Sigurðsson.

Forv. K. Þorsteinsson.

SAMÞYKKT

fyrir Vatnafélag við Hornafjarðarfljót í Mýrahreppi.

1. gr.

Félagið heitir Vatnafélag við Hornafjarðarfljót í Mýrahreppi. Heimili þess og varnarþing er Mýrahreppur í Austur-Skaftafellssýslu.

2. gr.

Verkefni félagsins er að vinna að því með fyrirhleðslu og öðrum mannvirkjum að varna Hornafjarðarfljóttum að ganga á graslendi þeirra jarða, sem eiga land að fljóttunum að vestan. Félagið getur aukið starfssvið sitt, ef meiri hluti félagsmanna er því samþykkur.

3. gr.

Hönnun meiri háttar mannvirkja, sem félagið hyggst ráðast í hverju sinni, skal félagsstjórn bera undir ráðunaut ríkisstjórnarinnar í vatnamálum (vegamálastjóra). Að loknum framkvæmdum við mannvirkjagerð, skulu þær teknar út af ráðunaut ríkisstjórnarinnar í vatnamálum.

4. gr.

Samþykkt þessi nær til jarðanna Viðborðs, Viðborðssels I og II, Tjarnar, Stóra- Bóls I og II, Kyljuholts, Hólabrekku, Holtahóla og Holtasels.